

Ed.

469. Frumvarp

til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja, að íslenskar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Ennfremur, að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi, nema með leyfi nefndarinnar, og sé gjaldcyrinum úthlutað eftir reglum, samþykktum af hönkum þeim, sem fulltrúa eiga í gjaldeyrisnefnd. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánnum ríkissjóðs og lánnum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða fyrir greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem fjármálaráðherra skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast um lengri tíma, skipar fjármálaráðherra varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta gjaldeyris- og innflutningsnefnd í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt sem skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta nefndinni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan; skal skýrslan vera í því formi, er nefndin ákveður í samráði við hagstofustjóra.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggja við. Sömu hegningu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, er gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum eða skilyrðum gjaldeyris- og innflutningsnefndar fyrir leyfisveitingum.

7. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum er numin úr gildi 3.—6. gr. laga nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 1 8. marz 1920.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.